

Lög

um

Nr. 57.
26. okt.

breyting á lögum nr. 18, 13. sept. 1901, um manntal í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 3. gr. bætist:

Svo skal og árlega láta Hagstofunni í tje á kostnað bæjarsjóðs eftirrit af öllu manntalinu.

2. gr.

Síðari hluti 5. greinar falli burt með og frá orðunum: »en hins vegar«.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefð á Amalíuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Eggerz.